



Dagsetning: 2. nóvember 2024
Málsnúmer: 2409131/2.4

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Eftirfarandi breytingar er lagt til að gerðar verði á gjaldskrá Fjarðabyggðarhafna fyrir árið 2025.

Almennt verði gjaldskrá hækkuð um 5,6% í samræmi við ákvörðun bæjarráðs, hækkun launaliða verði í samræmi við hækkun launavísitölu síðasta árið og hækkun byggingarréttargjalds verði hækkað til samræmis við hækkun byggingarvísitölu eins og 20 gr. gjaldskrárinnar kveður á um.

Aðrar breytingar sem lagt er til að gerðar verði á gjaldskrá Fjarðabyggðarhafna eru:

- Heiti 10.gr. breytt í *Leiga innan hafnarsvæða*. Lagt er til að leiga svæðis, sem nær yfir geymslu gáma eða annars á svæðum hafnarinnar verði hækkuð umfram almenna hækkun gjaldskrárinnar til að mæta auknum kostnaði við viðhald lóða. Mest áhrif mun hækkunin hafa á Mjóeyrarhöfn en miðað við núverandi notkun þar verða þau eftirfarandi:

Mjóeyrarhöfn	Fjöldi fermetra	Gjaldskrá 2024	Gjaldskrá 2025
Innan			
haftasvæðis	4.900	931.000	1.372.000
Utan			
haftasvæðis	4.000	640.000	941.176
Samtals á mánuði		1.571.000	2.313.176
Tekjur á ári		18.852.000	27.758.118
Tekjuaukning á mán.			742.176
Tekjuaukning á ári			8.906.118

Gjald fyrir leigu á skilgreindum geymslusvæðum hafnarinnar verði einnig hækkað umfram almenna gjaldskrárhækkun í samræmi við gjaldskrár annarra sveitarfélaga. Gjald fyrir nætur og troll á skilgreindum geymslusvæðum hækkar til samræmis. Gjaldið verði það sama og í gjaldskrá Fjarðabyggðar fyrir skipulags- og byggingamál.



Í 10 gr. er einnig lagt til að bætt verði inn grein um gjald fyrir búnað sem varanlega hefur verið komið fyrir á athafnasvæði Fjarðabyggðarhafna og mun það sem dæmi ná yfir oliutanka, krana og húsnæði. Gjaldið er byggt á stöðuleyfisgjaldi í gjaldskrá skipulags- og byggingamála og skal innheimt einu sinni á ári. Málsgrein um lágmarksgjald fyrir geymslu á geymslusvæði skuli tekin út þar sem breytt skilgreining fyrir geymslugjald nær yfir það.

- Í 18.gr. er lagt til að texti um kostnað sem fellur til vegna hreinsunar vegna mengunaróhappa verði gerður ítarlegri, þar sem dæmi eru gefin um kostnað sem fallið getur til ásamt því að bæta inn setningu sem tilgreinir að ef mengunarvarnabúnaður er leigður út skuli leigutaki greiða leigu ásamt öllum kostnaði sem til fellur. Ekki er tilgreind upphæð leigu í þessari grein þar sem kostnaður er misjafn eftir þeim búnaði sem er notaður. Haldin skal skrá yfir kostnaðarverð þess búnaðar sem Fjarðabyggðarhafnir eiga hverju sinni til að hægt sé að reikna út sanngjarnt leiguverð hvers hlutar sem leigður er út.
- Bæta gjaldi fyrir öryggisgæslu við farmskip inn í 19.gr. vegna ákvæða laga um framkvæmdar hafnarverndar. Áður var öryggisgæsla aðeins tilgreind fyrir farþegaskip.

Birgitta Rúnarsdóttir



Birgitta Rúnarsdóttir

Verkefnastjóri hafna